

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	25.09.2015
Málalykill	05.4
Mál nr.	1509336



Garðabær
Gunnar Einarsson
Pósthólf 40
212 Garðabær

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg 101 Reykjavík
sími: 545 8400 postur@for.is
forsaetisraduneyti.is

Reykjavík 25. september 2015
Tilv.: FOR15060053/3.19

Síðastliðið vor samþykkti Alþingi ný lög um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2015. Er lögnum ætlað að stuðla að vernd og varðveislu byggða sem hafa sögulegt gildi og ná þau til þéttbýlis og byggðarkjarna utan þéttbýlis sem ástæða er til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis. Með lögnum, sem sækja fyrirmynd sína til breskra laga um verndun byggðaheilda, skapast tækifæri til að vernda með heildstæðum hætti þann menningarsögulega byggðaarf sem í landinu er.

Í ljósi þess að sveitarfélögum er ætlað mikilvægt hlutverk í lögnum, boða forsætisráðuneytið og Minjastofnun Íslands til kynningarfundar um hin nýsamþykktu lög. Til fundarins eru boðaðir fulltrúar sveitarstjórna og starfsmenn þeirra, minjaráð minjasvæða og aðrir áhugasamir um málefnið.

Kynningarfundur fyrir sveitarfélög á suðvestur horni landsins verður í Samkomuhúsi Garðabæjar, Garðaholti við Garðaveg, fimmtudaginn 8. október kl. 10:00.

Með von um að sjá sem flesta á fundunum.

Fyrir hönd ráðherra


Sigurður Örn Guðleifsson


Regina Sigurðardóttir